

**LÖG****um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt,  
nr. 75/1981, með síðari breytingum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

8. tl. A-liðar 30. gr. laganna orðist svo:

Helming greiddra meðlaga með barni sem er innan 18 ára aldurs, þó að hámarki sömu fjárhæð og helming barnalífeyris sem greiddur er skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.*

**LÖG****um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með  
áorðnum breytingum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Úr 11. gr. falli niður orðin: „og 9. gr.“

## 2. gr.

33. gr., sbr. lög nr. 100/1951, orðist svo:

Refsivist skal taka út í þeim stofnunum sem til þess eru ætlaðar samkvæmt lögum um fangelsi og vinnuhæli og skal ákveðið nánar í reglugerð hvernig úttektin fer fram.

Þegar fullnægja á refsivist er heimilt að handtaka dómþola og gilda þá ákvæði VII. og VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.